

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hunda- og kattaeyndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykkt um katta- hald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austur- landssvæðis nr. 912/2015 og í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heil- brigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015, skulu greiða árlega leyfisgjöld, sbr. 12. gr. í sam- þykkt nr. 912/2015 og samþykkt nr. 933/2015.

2. gr.

Af hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015, að upphæð kr. 14.000 á hvern hund. Gjald greiðist á gjalddaga 15. apríl en eindagi er 30. apríl ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Af köttum og öðrum gæludýrum nema hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald, sbr. 11. gr. samþykktar nr. 912/2015, að upphæð kr. 10.998 á hvern kött. Gjald greiðist á gjalddaga 15. apríl en eindagi er 30. apríl ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um inn- heimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta og annarra gæludýra eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt nr. 933/2015 og samþykkt nr. 912/2015 á Seyðisfirði.

4. gr.

Við afskráningu hunds, kattar og annarra gæludýra ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er af bæjarstjórn Seyðisfjarðar og samþykkt á fundi hennar 11. desember 2019 staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 1287/2015.

Seyðisfirði, 1. maí 2020.

Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri.